**19. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps haldinn í fundarsal bæjarstjórnar að Aðalstræti 63, Patreksfirði, mánudaginn 17. maí 2010 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Úlfar B Thoroddsen (UBT), Ragnar Jörundsson, Arnheiður Jónsdóttir (AJ),

**Fundargerð ritaði:** Ragnar Jörundsson , bæjarstjóri

**Dagskrá:**

1. **0909011F - Samráðsnefnd Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur - 18**
   Lögð fram fundargerð 18. fundar.

2. **1005061 - Íbúð Aðalstræti 90**
   Ársreikningur Styrktarsjóðs heilbrigðisstofnana V-Barð 2009 lagður fram og ekki gerðar athugasemdir. Úlfar gerði grein fyrir stöðu á Aðalstræti 90 og sagði að fyrirhugað viðhald á eigninni utanhúss hafi dregist. Kom fram að nokkrar lagfæringar væru nauðsynlegar innandyra og kostnaður áætlaður allt að 2,0 mkr. Samráðsnefnd samþykkir heimild til Úlfars að fara í þessar framkvæmdir.

3. **1002044 - Fundargerð 73.fundar stjórnar MEÓ**
   Fundargerðin var send í tölvupósti til fundarmanna. Ekki gerðar athugasemdir við fundargerðina.

4. **1002045 - Fundargerð 74.fundar stjórnar MEÓ**
   Fundargerðin var send í tölvupósti til fundarmanna. Ekki gerðar athugasemdir við fundargerðina.

5. **1003090 - Kristinn Þór Egilsson Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti**
   Lagt fram bréf frá Kristni Þór Egilssyni þar sem hann gerir tillögur um að óháður aðili geri úttekt á stöðu safnsins. Erindinu vísað til stjórnar MEÓ.

6. **0909120 - Samgöngumál, Baldur, vegagerð**
   Rætt um niðurstöðu opins fundar með samgönguráðherra og fulltrúum Vegagerðarinnar sem haldinn var 11. maí sl. í félagsheimilinu á Patreksfirði. Samráðsnefdin lýsir yfir áhyggjum um framvindu veglagningar í A-Barð. á næstu árum. Rætt um samgönguáætlun 2010-2014.

7. **0909119 - Sorpmál Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps**
   Farið yfir stöðu í samningaferli um sorphirðu og undirbúning sorpsamlags.

8. **1005062 - Önnur mál**

   a) Lagður fram ársrekingur MEÓ 2009 til kynningar sem hefur ekki verið samþykktur af stjórn.
   b) Lögð fram ársskýrsla 2009 frá safnstýru til kynningar.
   c) Lögð fram skrá yfir málverk í eigu Héraðsnefndar V.-Barð. sem Þuríður G. Ingimundardóttir tók saman. Samráðsnefndin færir Þuríði bestu þakkir fyrir vel unna skrá sem er mjög miklvægt að sé til staðar.

c) Þetta er síðasti fundur samráðsnefdar á kjörtímabilinu og þakkaði formaður gott samstarf. Fundarmenn þökkuðu sömuleiðis ánægjulegt samstarf og óskaði verðandi stjórn velfarnaðar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:47**